

AUGLYSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu menntamálaráðherra staðfesti eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

1. mgr. 102. gr. breytist og orðist svo:

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Rafmagns- og tölvuverkfræðiskor, umhverfis- og byggingarverkfræðiskor og véla- og iðnaðarverkfræðiskor.

2. gr.

1. og 2. töluliður 1. mgr. 103. gr. breytist og orðist svo:

1. Til C.S. (candidatus scientiarum) prófs í eftirtöldum greinum verkfræði: Byggingarverkfræði, iðnaðarverkfræði, rafmagnsverkfræði, tölvuverkfræði, umhverfisverkfræði og vélaverkfræði. enn fremur í öðrum verkfræðigreinum, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við að það taki fjögur ár og er heildarnámið minnst 120 námseiningar.

2. Til M.S. (magister scientiarum) prófs í verkfræði fyrir þá sem lokið hafa C.S.-prófi við deildina eða samsvarandi prófi að mati deildar. Skipan námsins miðast við að það taki eitt ár og er framhaldsnámið minnst 30 námseiningar. Deildinni er heimilt að taka í M.S.-nám þá nemendur sem lokið hafa þriggja ára eða minnst 90 eininga háskólánámi með góðum námsárangri. Skipan M.S.-náms fyrir þessa nemendur miðast við að það taki tvö ár og er framhaldsnámið minnst 60 einingar.

Við 1. mgr. 103. gr. bætist 3. töluliður svohljóðandi:

3. Til doktorsnáms í verkfræði. Á fagsviðum þar sem nauðsynleg aðstaða og sérþekking er fyrir hendi getur deildin heimilað innritun í doktorsnám.

Síðasti ml. 103. gr. breytist og orðist svo:

Deildin setur nánari reglur um framhaldsnám til M.S.-prófs og doktorsprófs eftir því sem þurfa þykir og háskólaráð samþykkir.

3. gr.

Við 87. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 8. mgr. 87. gr. svohljóðandi:

Í lagadeild er heimilt að stunda nám til doktorsprófs í lögfræði samkvæmt nánari reglum sem lagadeild setur og háskólaráð samþykkir.

4. gr.

Við 56. gr. bætist nýr málslíður, sem verður 4. ml. svohljóðandi:

Reglur sem deildir kunna að setja um slíkt nám skulu staðfestar af háskólaráði.

5. gr.

Í upphafi X. kafla á undan bókstafslíð A bætast sex nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Læknadeild veitir kennslu sem hér segir:

Til kandidateksprófs í læknisfræði.

Til kandidateksprófs í lyfjafræði.

Til B.S. prófs í hjúkrunarfræði.

Til B.S. prófs í sjúkrahjálfun.

Til meistara- og doktorsprófs í heilbrigðis- og lífvísindum á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi. Deildin setur nánari reglur um nám til meistara- og doktorsprófs sem háskólaráð staðfestir.

6. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. október 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda laugardaginn 1. október 1994.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 30. september 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 10. október 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.